

Fundargerð samstarfsnefndar Félagsráðgjafafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Félagsráðgjafafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga föstudaginn 22. janúar 2021 vegna uppfærslu á heildarkjarasamningi 2020 til 2023. Samskipti fóru fram í tölvupósti.

Mætt voru:

Fyrir hönd félagsins: Eldey Huld Jónsdóttir

Fyrir hönd sambandsins: Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Grein 1.5.1 um yfirvinnu

Grein 1.5.1 um yfirvinnu breytist og hljóði svo:

- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum.

Grein 1.5.1 um yfirvinnu breytist á samningstímanum. Ofangreint gildir til 31. desember 2020 varðandi dagvinnufólk og til 30. apríl 2021 hjá vaktavinnufólki. Sjá fylgiskjal 2 og 3.

Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á grein 1.5.1 þeirri dagsetningu.

- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum.

Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1: kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram fullt starf skv. gr. 2.1.1.

Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á gr. 1.5.1 breyttri dagsetningu.

2. Grein 2.1.1 um vinnuviku

Skýringakassi við grein 2.1.1 fell niður í undirrituðum samningi en á að vera áfram fyrir neðan greinina.

3. Grein 2.6.2

Aðilar eru sammála um að skýringakassi fyrir neðan grein 2.6.2 falli niður: „Grein 2.6.2 gildir frá 1. apríl 2016“.

4. Grein 9.2.1 um launað staðgengilsstarf

Aðilar eru sammála um að skýringakassi á eftir grein 9.2.1 falli niður.

5. Grein 9.2.2

Aðilar eru sammála um að skýringakassi á eftir grein 9.2.2 falli niður: „*Grein 9.2.2. gildir frá 1. júní 2018*“.

6. Grein 10.2.2

Grein 10.2.2 er óbreytt en neðst í skýringakassa er eftirfarandi tekið út: „*(gildir frá og með 1. maí 2011)*“.

7. Grein 10.2.3 um persónuálag vegna viðbótarmenntunar

Aðilar eru sammála um að fyrri hluti greinar 10.2.3 sem var í gildi til 31. maí 2018 falli niður.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.